

**49. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
29. september 2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Jóhann Birkir
Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Jóhann Birkir Helgason og Óskar Örn Gunnarsson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tekið fyrir minnisblað frá Verkís dags 28. ágúst 2020 vegna breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytinga á deiliskipulagi Norður-Botns dags. í febrúar 2020. Fyrir liggja umsagnir umsagnaraðila.

Minnisblað lagt fram til kynningar þar sem fram kemur hvernig brugðist hefur verið við umsögnum.

2. Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Tekið fyrir minnisblað frá Verkís dags. 28. ágúst 2020 vegna breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breytinga á deiliskipulagi Norður-Botns dags. í febrúar 2020. Fyrir liggja umsagnir frá umsagnaraðilum.

Minnisblað lagt fram til kynningar þar sem fram kemur hvernig brugðist hefur verið við umsögnum.

3. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekið fyrir erindi frá Sjótaekni dags 14.9.2020 er varðar umsókn um breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar lóðar á hafnarsvæði sem nefnt hefur verið Hafnarskemma.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í umsóknina en getur ekki tekið afstöðu til hennar fyrr en frekari upplýsingar liggja fyrir. Byggingarfulltrúa í samráði við hafnarstjóra er falið að fara í frekari viðræður við umsækjendur varðandi fyrirkomulag byggingar á lóðinni til þess að þrengja ekki að hafnarsvæðinu áður en farið verði í breytingu á deiliskipulagi. Málinu jafnframt vísað til atvinnu- og hafnarnefndar.

4. Efnistökusvæði E6 í Norður-Botni - 2008156

Tekið fyrir að nýju erindi frá Sigurvini Hreiðarssyni fh. Arctic smolt ódagsett þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu E6, efnismagn er áætlað 30.000 m³.

Meðfylgjandi umsókn er greinargerð er varðar Efnistöku svæði E-6 í Norður-Botni dags. 10. júlí 2020. Áformað er að opna efnistökusvæði E6 samkvæmt gildandi

aðalskipulagi í landi Norður-Botns. Efnistakan er ætluð til vegagerðar vegna færslu þjóðveg 63 - Bíldudalsvegur. Að auki verður efni nýtt til framkvæmda við seiðaeldisstöðina í Norður-Botni.

Fyrir liggur umsógn Fiskistofu dags. 24. september 2020 þar sem fallist er á efnistöku allt að 30.000 rúmmetrum.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld samkvæmt 6. gr laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.04 í 1 viðauka laganna. Efnistökusvæði E6 er 24.500 fermetrar og umfang efnis er 30.000 rúmmetrar og fellur því í flokk C.

Malarnáman er á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Fiskistofa gerir ekki athugasemd við að tekið verði allt að 30.000 rúmmetrar efni úr námunni að meðaltali 6.000 rúmmetrar á ári.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd telur að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Nefndin leggur þó áherslu á að frágangur verði samkvæmt ákvæðum kafla 4.2 í lýsingu með umsókn. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gefið verði út framkvæmdaleyfi vegna malarnáms í Norður Botni.

5. Fyrirspurn um staðsetningu rafstöðvar - 2009330

Tekið fyrir fyrirspurn frá Sigurvin Hreiðarssyni dags. 23.9.2020 fyrir hönd Arctic smolt er varðar húsnæði undir rafstöð í Norður Botni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd getur fallist á að heimila byggingu rafstöðvar á grunni núverandi húss enda verði húsið utan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar eða að fyrir liggji samþykki Vegagerðarinnar verði húsið staðsett innan veghelgunarsvæðis.

6. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Tekin fyrir áhersluatriði vegna fjárhagsáætlunar 2021.

Byggingar-, skipulags og umhverfisnefnd leggur áherslu á að við vinnslu fjárhagsáætlunar verði eftirtalin atriði tekin til skoðunar:

-Fráveitumál.

-Sorphirðu- og úrgangsmál.

-Nauðsynleg stækkun eða færsla á kirkjugarði.

-Endurnýjun gatnakerfis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)
